



Bæjarráð Hafnarfjarðar

B.t. formanns bæjarráðs

Strandgata 6

220 Hafnarfjörður

Hafnarfirði, 14. október 2022

Efni: Erindi Brettafélags Hafnarfjarðar til bæjarráðs vegna húsnæðisvanda félagsins

Brettafélag Hafnarfjarðar óskar eftir því að bæjarráð samþykki að hefja viðræður við félagið um lausn á húsnæðisvanda félagsins og framtíðar uppbyggingu nýs húsnæðis. Vísað er til erindis dags. 31. mars sl. sem sent var til bæjarstjórnar og allra kjörinna fulltrúa, þar sem ástandi húsnæðis félagsins að Flatahrauni 14 er lýst. Þá var áhyggjum stjórnar af heilsuspillandi áhrifum myglu á iðkendur og starfmenn félagsins sem stunda æfingar og störf í húsnæðinu, lýst.

Óskað er eftir því að Hafnarfjarðarbær hefji viðræður við Brettafélag Hafnarfjarðar sem allra fyrst og leitað verði allra leiða til að leysa húsnæðisvanda félagsins, hvort sem er til skemmri tíma eða til framtíðar.

Meðfylgjandi eru fyrri erindi félagsins til Hafnarfjarðarbæjar og hugmyndir sem hafa verið kynntar fyrir allsherjarnefnd Íþróttabandalags Hafnarfjarðar og sendar voru með fyrra erindi.

Með von um áframhaldandi gott samstarf við Hafnarfjarðarbæ.

F.h. stjórnar Brettafélags Hafnarfjarðar

Jóhann Ó. Borgþórsson

Formaður

*Fylgiskjöl: Tölvupóstur til bæjarstjóra dagsettur 18. mars 2019
Erindi Brettafélags Hafnarfjarðar til bæjarstjórnar, dags. 31. mars 2022
Kynning á Húsi.ppt (þarfagreining, kostnaðaráætlun, drög að hönnun)*